

163
30. sept.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum.

Með tilliti til þess ástands, sem nú ríkir, er hér með sett eftirfarandi reglugerð samkvæmt 7. gr. bráðabirgðalaga, um fjarskiptavirki, frá 5. júlí 1940, sbr. og 3. gr. laga nr. 31 frá 1936.

1. gr.

Á siglingu milli Íslands og Stóra Bretlands eða samveldislanda þess mega íslensk skip fyrst um sinn því aðeins hafa meðferðis loftskeytastöð eða talstöð (en ekki hvorttveggja), að stöðin sé innsiglið af póst- og símamálastjórninni, og má ekki brjóta innsiglið né nota stöðina í millilandasiglingu nema í neyð.

Við strendur Íslands mega íslensk fiskiskip ekki heldur nota loftskeytastöðvar nema í neyð, enda séu þær innsiglaðar af póst- og símamálastjórninni. Hins vegar mega þau nota talstöðvar sínar, ef þær hafa verið leystar úr innsiglið af póst- og símamálastjórninni, og þó aðeins til nauðsynlegra tilkynninga, er varða fiskveiðarnar, samkvæmt reglum í tilkynningu útgefinni af póst- og símamálastjórninni 9. júlí 1940.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða útilokun frá frekari siglingum og sektum allt að 10000 krónum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 30. september 1940.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hliðdal.

164
2. okt.

REGLUGERÐ

um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögum nr. 3 frá 4. apríl 1923.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 33 frá 9. jan. 1935, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um sölu og veitingu áfengra drykkja, er um ræðir í nefndum lögum og lögum nr. 3 frá 1923:

1. gr.

Áfengisverzlun ríkisins hefir aðsetur sitt í Reykjavík og útibú í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði, svo og í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, eftir því sem ríkisstjórnin kann að ákveða, eftir að fullnægt hefir verið skilyrði því, er um ræðir í 9. gr., 2. mgr., áfengislaganna nr. 33 frá 1935.

2. gr.

Áfengisverzlun ríkisins má ein flytja áfenga drykki hingað til lands. Þó er henni óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.